

Nd.

75. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 128 31. des. 1935, um bráðabirgðatekjuöflun til rikissjóðs.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þessu hefir verið vísað til fjárhagsnefndar, og telur hún rétt, að það nái fram að ganga, enda voru gefin út um sama efni bráðabirgðalög 24. jan. þ. á.

Við samningu umræddra laga nr. 128/1935 hefir af vangá fallið úr í 2. gr. að tiltaka, að ákvæði 6. gr. tekju- og eignarskattslaganna nr. 6 frá s. á., um skatt af tekjum undir 1000 kr., héldist óbreytt. Var því óhjákvæmilegt að leiðrétta þetta.

Til nefndarinnar hefir einnig horizt frá fjármálaráðherra tillaga til frekari breytingar á nefndum lögum, til öruggari skilnings á ákvæðum 2. gr., sem sé að tekið sé upp í greinina ákvæðið í 6. gr. tekjuskattslaganna um lágmarksskatt félaga o. s. frv., en ráðherra telur þó, að ætlazt hafi verið til þess, þegar lögín (bráðab. tekjuöfl.) voru samín, að þetta lágmarksákvæði stæði óbreytt, og eigi talín þörf á að taka það upp sérstaklega.

Nefndín lítur nú að vísu svo á, að með l. nr. 128/1935 sé 6. gr. laga nr. 6/1935 eigi felld úr gíldi (enda hvergi tiltekið, að svo sé), heldur komi nýr skattstígi til framkvæmdar með hínun nýrri lögum í stað þess, sem eldri lögín ákveða í 6. gr., og aðeíns svo lengi sem lögín eru í gíldi, en framkvæmd þeirra

er einungis miðuð við árið 1936. Mætti því ætla, að þegar þau falla, þá risi skattstigi 6. gr. tekjuskattsl. upp af sjálfu sér og greinin öll haldið þá óbreytt eins og hún er í þeim lögum. En með því að það álit getur og komið til greina, að hér umrætt lágmarksákvæði heyri í raun rétttri til sjálfum skattstiganum, getur nefndin fallið á, að taka meg þáð upp skýrum stöfum, og er þá eðlilegast að koma því inn í þetta frv., er hér liggur fyrir.

Leggur nefndin því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr. (og breytist greinatalan eftir því), er svo hljóði:

Á undan næstsiðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Félög þau og stofnanir, er um ræðir í a-lið og c-lið 3. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, greiði þó aldrei lægri skatt en 5% af skattskyldum tekjum. Sama er um skattgjald samkv. 2. gr. og skattgjald erlendra félaga.

Alþingi, 27. febr. 1936.

Sigfús Jónsson,
form.

Gisli Sveinsson,
fundaskr., frsm.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Ólafur Thors.